Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

VEL2019

**ERINDISBRÉF**

**Samráðshópur um málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir**

**Ábyrgð:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

**Markmið og hlutverk:**
Markmið með stofnun samráðshópsins er að tryggja yfirsýn yfir stöðu málaflokks heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir. Fyrir liggur ný stefna í málaflokknum og mikilvægt er að tryggja eftirfylgd hennar og mat á stöðu meðal annars svo hægt verði að bregðast við breyttri eða nýrri þjónustuþörf.

**Verkefni :**

1. Að tryggja að unnið verði markvisst að innleiðingu stefnunnar og aðgerðum hennar.
2. Að hafa yfirsýn yfir stöðu málaflokksins og helstu strauma og stefnur m.a. í alþjóðlegu samhengi
3. Að upplýsa velferðarráð um stöðu aðgerðaráætlunarinnar a.m.k. einu sinni á ári.
4. Að leggja fram tillögur um breytingar sem mögulega þarf að gera á þjónustunni.
5. Að hlutast til um samráð við notendur og helstu hagsmunaaðila a.m.k. einu sinni á ári.
6. Að huga að með hvaða hætti vinna megi gegn fordómum í samfélaginu í garð heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir og koma hugmyndum í framkvæmd.
7. Að fjalla um álitamál í þjónustu við heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuþarfir í samstarfi við framkvæmdastjórn velferðarsviðs.
8. Að fylgja eftir úrbótaáætlunum á grundvelli rannsókna og kannanna.
9. Að tryggja að unnið sé samkvæmt settum verkferlum í málaflokknum.

**Samráðshópinn skipa:**
Sigþrúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri ÞVMH sem leiðir hópinn
Hrafnhildur Ólöf Ólafsdóttir, deildarstjóri ÞVMH
Þór Gíslason, forstöðumaður Gistiskýlisins, ÞVMH
Ásgeir Pétursson, teymisstjóri ÞVMH
Kristjana Gunnasdóttir, skrifstofustjóri ráðgjafarþjónustu.

**Til vara:**
Helga Sigurjónsdóttir, deildarstjóri skrifstofu öldrunar- og húsnæðismála
Þóra Kemp, deildarstjóri skrifstofu ráðgjafarþjónustu

**Starfstími:**
Teymið starfar á tímabilinu 1. maí 2019 – 31. desember 2025

Reykjavík, xx. maí 2019

Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri